



Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
b.t Guðna Geirs Einarssonar
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 23.05.2019
1806032 RE

Efni: Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs, umsókn um styrk.

Árið 2018 sótti Hafnarfjarðarbær um styrk í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma dagþjónustu fyrir fatlað fólk, Læk, í varanlegt húsnæði. Í lögum um nr. 38/2018 er í 24.gr. talað um vinnu, hæfingu og dagþjónustu og kemur þar fram að sveitarfélög skuli starfrækja vinnustaði fyrir verndaða vinnu hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun. Lækur fellur undir þessa skilgreiningu þar sem þar er boðið uppá dagþjónustu og iðju fyrir geðfatlað fólk. Umsóknin fellur því að d og e lið reglugerðar nr. 460/2018.

Uppi hafa verið áætlanir um flutning Lækjar í St. Jósefsspítala. Lækur er nú til húsa í gömlu húsi að Hörðuvöllum 1 sem þarfnast lagfæringa. Áætlanir um flutning Lækjar í St. Jósefsspítala eru í endurskoðun og er sá kostur að starfsemin verði áfram í núverandi húsnæði til skoðunar.

Það sem mælir með að Lækur verði ekki fluttur er að staðsetningin er góð, minna rask verður fyrir notendur og gerðar verða nauðsynlegar umbætur og lagfæringar á sögufrægu húsi í Hafnarfirði.

Hér er því sótt um styrk til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs til lagfæringa á húsnæði Lækjar að Hörðuvöllum 1, Hafnarfirði.

Meðfylgjandi gögn eru ársskýrsla Lækjar 2018 og kostnaðaráætlun vegna nauðsynlegra framkvæmda á Hörðuvöllum 1.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsson
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu